

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald á Suðurnesjum.

1. gr.

Árgjald fyrir að halda hund sbr. staflíð b. í 1. mgr. 2. gr. samþykktar nr. 428/1987 um hundahald í Keflavík, Njarðvík, Grindavík, Miðneshreppi, Gerðahreppi, Vatnsleysustrandarhreppi og Hafnahreppi, með síðari breytingum, skal vera kr. 19.630.

2. gr.

Allur kostnaður vegna föngunar hunds sem tekinn er laus, svo sem útkallskostnaður, bifreiðakostnaður og búrleiga, skal greiddur af hluteigandi leyfishafa eða umráðamanni hunds sé um leyfislausan hund að ræða.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af sveitarstjórnnum Reykjanesbæjar, Grindavíkurbæjar, Suðurnesjabæjar og Sveitarfélagsins Voga, með heimild í 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, ásamt síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 176/2021 fyrir hundahald á Suðurnesjum.

F.h. sveitarfélaga á Suðurnesjum, 20. apríl 2022,

Magnús Hinrik Guðjónsson,
framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja.